

## **Félagsþjónusta Fljótshéraðs**

Reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum Félagsmálanefndar Fljótshéraðs, Fljótshrepps, Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar.

### **I. Almenn**

#### 1. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr.80/2002.

#### 2. gr.

Þeir starfsmenn Félagsþjónustu Fljótshéraðs sem vinna að barnaverndar-málum skulu hafa til þess sérstakt umboð Félagsmálanefndar Fljótshéraðs, Fljótshrepps og Borgarfjarðar eystri. Þeir kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum, barnaverndarlögum, reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og eftir frekari ákvörðun nefndarinnar hverju sinni. Sameiginleg Félagsmálanefnd Fljótshéraðs, Fljótshrepps og Borgarfjarðar eystri getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

### **II. Um starfsmenn Félagsmálanefndar Fljótshéraðs, Fljótshrepps og Borgarfjarðar eystri**

#### 3. gr.

Starfsmenn Félagsmálanefndar, sem vinna að barnaverndarmálum skulu hafa lokið prófi í félagsráðgjöf eða öðru sambærilegu námi.

#### 4. gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur stjórnarsýslulaga nr.33/1993.

#### 5. gr.

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar gera félagsmálastjóra grein fyrir þeim. Félagsmálanefnd tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður kemur að vinnslu málsins eða ekki.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

#### 6. gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en einhverjar ákvarðanir eru teknar. Jafnframt skulu starfsmenn afgreiða mál svo fljótt sem unnt er. Þannig skal tekin ákvörðun um hvort kanna skuli mál innan 7 daga frá því að tilkynning eða upplýsingar bárust sbr. 21. gr., 1. mgr. barnaverndarlaga. Könnun

máls, þ.e. ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun sbr. 41. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmenn skulu sýna börnum, ungmennum, foreldrum og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni við könnun og meðferð máls. Starfsmenn mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir í störfum sínum um einkamál manna eða heimilisháttum.

### III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum

#### 7. gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna. Skulu þeir gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta. Ennfremur skal skráð sem tilkynning ef starfsmönnum berast á annan hátt upplýsingar um óviðunandi aðbúnað barns eða að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Tilkynningin skal berast starfsmanni hið fyrsta til úrvinnslu. Starfsmaður barnaverndarnefndar Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðar eystri í samráði við félagsmálastjóra taka ákvörðun um könnun máls sbr. 21. gr. barnaverndarlaga og 14. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Gera skal áætlun um könnun máls.

Ákvarðanir um að kanna ekki mál skulu lagðar fyrir Félagsmálanefnd til upplýsingar í skýrsluformi (sjá 15. gr.).

#### 8. gr.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur sem hafa stöðu sinnar og starfa vegna afskipti af málefnum barna, þ.e. skv. 17. gr. barnaverndarlaga sbr. 3. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga.

#### 9. gr.

Starfsmaður hefur heimild til móttöku tilkynningar, könnunar máls og til að beita stuðningsúrræðum skv. reglum barnaverndarnefndar. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir Félagsmálanefnd hefur starfsmaður umboð félagamálanefndar til að framkvæma hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII kafla barnaverndarlaga, sbr. 31. gr. barnaverndarlaga. Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.

#### 10. gr.

Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla eða annarrar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn.

Könnun starfsmanns skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáist um hagi barns sem í hlut á, tengsl þess við foreldra eða aðra, líkamlegt og andlegt ástand þess eða annað sem málið kann að skipta.

Starfsmaður skal að jafnaði greina foreldrum eða forráðamanni barns frá því að könnunum á högum og aðbúnaði þess standi yfir.

#### 11. gr.

Að lokinni könnun máls skal lögð fyrir Félagsmálanefnd skrifleg greinargerð um málið þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað sem máli kann að skipta. Greinargerð skal innihalda tillögur starfsmanns um áframhaldandi meðferð málsins og áætlun, sbr. 12. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun um að loka máli á grundvelli greinargerðar er tekin hjá Félagsmálanefnd.

#### 12. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, skal starfsmaður gera skriflega áætlun um meðferð málsins. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími.

Áætlun skal eftir því sem við verður komið unnin í samráði og samvinnu við foreldra eða forráðamann barns. Áætlun skal jafnframt unnin í samvinnu við barn sem í hlut á eftir því sem við þykir eiga og með tilliti til aldurs þess og þroska. Áætlunin er lögð fyrir Félagsmálanefnd til samþykktar en hægt er að hrinda henni í framkvæmd áður en fjallað er um hana í Félagsmálanefnd enda geri áætlun ekki ráð fyrir úrræðum eða útgjöldum umfram það sem fram kemur í reglum um stuðningsúrræði. (Sjá reglur um stuðningsúrræði).

#### 13. gr.

Áður en mál er lagt fyrir Félagsmálanefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir nefndina.

Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð og önnur gögn málsins. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinnar gagna þar til Félagsmálanefnd hefur tekið ákvörðun þar að lútandi. Ákvörðun Félagsmálanefndar skal vera í formi úrskurðar sem aðilar geta skotið til kæruneftar barnaverndarmála sbr. 6., 51. og 52. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra eða forráðamanns á rétti þeirra samkvæmt 28. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir Félagsmálanefnd, þ.e. til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans samkvæmt 28. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir Félagsmálanefnd til lögmannaástoðar og mögulega fjárhagsástoð í því skyni. (Sjá reglur um aðstoð til greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum).

Aðilum skal tilkynnt formlega þegar máli er lokið og afskiptum þar með hætt.

#### 14. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sanmanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði Félagsmálanefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um framgang máls varðandi kærunefnd barnaverndarmála, þegar það er fyrir hendi, kærufrest svo og hvert beina skuli kæru.

15. gr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndarinnar á meðan mál þess er til meðferðar skal starfsmaður tilkynna um flutninginn til þeirrar nefndar sem barnið flyst í, sbr. 2. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Skal það gert með greinargerð og afhendingu gagna, þar sem fram koma öll afskipti af málefnum barnsins og með persónulegu viðtali sé þess þörf.

16. gr.

Starfsmenn skulu vinna ársskýrslu um barnavernd. Ársskýrslan skal send Barnaverndarstofu og kynnt Félagsmálanefnd á fundi. Þá skulu starfsmenn vinna ársfjórðungsskýrslu fyrir nefndina þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu.

### **III. Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála, fósturmál og ættleiðingarmál.**

17. gr.

Óski dómari eftir umsögn Félagsmálanefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta skulu starfsmenn annast könnun málsins. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris, sem ekki fer með forsjár þess.

18. gr.

Skv. áætlun um könnun máls skal starfsmaður kanna, hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð. Starfsmaður skal ávalt kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

19. gr.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir Félagsmálanefnd. Starfsmaður skal gera aðilum grein fyrir þeim rétti sínum, að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

20. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns.

Þá skal málið unnið í náninni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er að dreifa.

21. gr.

Starfsmenn skulu annast meðferð fósturmála í samvinnu við Barnaverndarstofu. Starfsmenn kanna hagi umsækjenda um leyfi til að gerast fósturforeldrar skv. beiðni Barnaverndarstofu.

Fósturmál skulu lögð fyrir Félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem málið kann að varða.

#### 22. gr.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra fyrir væntanlegt fóstur. Enn fremur skulu starfsmenn veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Starfsmaður skal gera skriflega skýrslu um afskipti hans að fósturmálum og eftirlit með fósturheimilum.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til verndar barni. Ef um alvarlega vanrækslu er að ræða eða starfsmaður telur ástæðu til af öðrum orsökum skal hann kynna málið fyrir barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu.

#### 23. gr.

Samþykki foreldra eða forráðamanns barns, fyrir því að það verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur, skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum eða forráðamanni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar.

#### 24. gr.

Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns skulu starfsmenn gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd Félagsmálanefndar við fósturforeldra.

Í fóstursamningi, sem gerður skal á þar til gerð eyðublöð, skulu koma fram þau atriði sem getið er í XII. kafla í barnaverndarlögum og annað sem máli kanna að skipta.

#### 25. gr.

Eftir atvikum og miða við aldur barns og þroska skal starfsmaður gera barni grein fyrir hvers vegna því var komið fyrir í fóstur.

#### 26. gr.

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagna barnaverndarnefndar um ættleiðingar, skv. 8. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978. Skulu þeir við könnun sína fara eftir því sem segir í 18. gr. 2. mgr. reglna þessara.

### VI. Gildistaka

#### 27. gr.

Reglur þessar öðlast gildi .....

**Undirreglur um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum  
Félagsmálanefndar Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðar eystri og  
Seyðisfjarðar**

**II. Um stuðningsúrræði Félagsmálanefndar Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps  
Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar**

1. gr.

Eftirfarandi stuðningsúrræðum er hægt að beita í áætlun um meðferð máls án þess að koma þurfi til sérstakt samþykki Félagsmálanefndar:

- a) Stuðningsfjölskyldur allt að 4 sólarhringar í mánuði (greiðslur fari eftir viðmiðunarflokki 2, sbr. reglugerð nr. 155/1995 um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra).
- b) Tilsjón á heimili allt að 10 klst. á viku
- c) Persónulegur ráðgjafi barns allt að 5 klst. á viku
- d) Ráðgjöf og viðtöl starfsmenn Félagsmálanefndar
- e) Önnur stuðningsúrræði sem ekki krefjast útgjalda af hendi Félagsmálanefndar.

2. gr.

Eftirfarandi stuðningsúrræði koma til framkvæmda eftir að áætlun hefur verið kynnt í Félagsmálanefnd og eru því háð samþykki nefndarinnar:

- a) Stuðningsúrræði sbr. 1. gr. sem ekki falla innan þess ramma er þar er settur, t.d. fleiri tímum úthlutað eða hærri greiðslur til stuðningsfjölskyldna t.d. vegna sérstakra hegðunarvandkvæða.
- b) Vistun utan heimilis – þ.m.t. sumardvalir og fósturráðstafanir
- c) Utanaðkomandi fagleg aðstoð, s.s. fjölskylduráðgjöf, sálfræðimeðferð utan stofnunar o.s.frv.
- d) Fjárhagsaðstoð m.a. vegna leikskólagjalda, athvarfs, skólaútgjalda o.fl. og sem ekki fellur undir reglur um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.
- e) Aðstoð vegna vímuefnameðferðar sem ekki fellur undir reglur um fjárhagsaðstoð.
- f) Önnur stuðningsúrræði sem falla ekki undir þessar reglur en krefjast útgjalda af hendi Félagsmálanefndar.

### 3. gr.

#### Úrræði skv. öðrum lögum

Úrræði samkvæmt öðrum lögum geta verið t.d. úrræði samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar o.fl. Ávallt skal þess gætt að kanna rétt hlutaðeigandi til almennra stuðningsúrræða samhliða ofangreindum stuðningsúrræðum.